

Starfsáætlun Hagstofu Íslands 2016

Efnisyfirlit

Yfirlit	4
Stefna og starfsáætlun Hagstofunnar	5
Hlutverk Hagstofunnar	5
Framtíðarsýn	5
Gildi	5
Inngangur	6
Þekkja þarfir notenda og vinna náð með hagsmunaaðilum	6
Tryggja gæði og réttar aðferðir	6
Tryggja öryggi upplýsinga	6
Nýta nýjar gagnalindir til að bæta gæði og minnka svarbyrði	6
Bæta miðlun og samskipti	6
Betra vinnuumhverfi	7
Efla rannsóknir	7
Gæðamál	7
Verkefni sem á að ljúka árið 2016	7
Starfsáætlun stjórnslu og samstarfs	9
Starfsmenn	9
Alþjóðamál	9
Aðferðir	9
Þjónusta við rannsóknarsamfélagið	9
Starfsáætlun efnahagssviðs	11
Meginatriði í starfsemi efnahagssviðs	11
Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál	11
Utanríkisverslun	12
Vísitölur	12
Starfsáætlun félagsmálasviðs	14
Starfsáætlun fyrirtækjasviðs	16
Hagtölur um fyrirtæki	16
Rannsókn á nýsköpunarvirkni og rannsókn- og þróunarstarfi	16
Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði	17
Tölfræði um ferðaþjónustu	17
Umhverfistölfræði	17

Starfsáætlun rekstrarsviðs	18
Meginatriði í starfsemi rekstrarsviðs	18
Fjármál og rekstur.	18
Gagnasöfnun	18
Úrtaksrannsóknir	18
Upplýsingatækni	18
Miðlun	19

Yfirlit

Hagstofa Íslands skiptist í fjögur svið; efnahagssvið, fyrirtækjasvið, félagsmálasvið og rekstrar svið auk skrifstofu stjórnsýslu og samstarfs og skrifstofu yfirstjórnar. Helstu verkefni ársins mótast af stefnu Hagstofunnar 2015–2016, forgangsröðun verkefna 2016–2018 og niðurstöðum gæðaúttektar Evrópska hagskýrslusamstarfsins (ESS).

[Stefnu og verkefni Hagstofunnar 2015–2016](#) má nálgast á vefnum, en hér eru birtar starfsáætlanir einstakra sviða í kjölfar yfirlits um stefnu og starfsáætlun.

Stefna og starfsáætlun Hagstofunnar

Hlutverk Hagstofunnar

Hlutverkið er vel skilgreint í lögum og um það er fjallað í stefnu Hagstofunnar 2015–2016. Í stuttu máli er hlutverkið eftirfarandi:

Hagstofan vinnur hlutlægar hagskýrslur, hefur forystu um samhæfingu hagtalna, stundar rannsóknir og stuðlar þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýnin er skilgreind í stefnuskjalinu 2015–2016. Hún mun halda áfram að þróast á komandi árum, helstu áherslur í framtíðarsýninni eru eftirfarandi:

Hagstofan er framsækin miðstöð hagskýrslugerðar sem stendur jafnfætis þeim hagstofum í Evrópu sem eru til fyrirmyndar.

Hagstofan er góður og eftirsóttur vinnustaður sem einkennist af skilvirkni og sveigjanleika.

Gildi

Gildin eru þrjú og voru þau endurskoðuð í lok árs 2012. Með aðkomu starfsmanna var hnykkð á ákveðnum þáttum sem verða til grundvallar starfseminni á komandi árum. Gildin eru:

Hlutlægni — Trúverðugleiki — Þjónusta

Inngangur

Starfsáætlun 2016 tekur mið af langtímamarkmiðum í stefnumörkun Hagstofunnar. Hún tekur einnig mið af framtíðarsýn Evrópska hagskýrslusamstarfsins (ESS Vision 2020) og niðurstöðum gæðamats sem birtar voru sumarið 2014.

Þekkja þarfir notenda og vinna náið með hagsmunaaðilum

Hagstofa Íslands hefur frumkvæði að reglulegum samskiptum við notendur til að öðlast betri skilning á þörfum þeirra og til að geta betur mætt þörfum ólíkra hópa. Áhersla er lögð á góð samskipti við gagnaveitendur, meðal annars til að auka skilning á gæðum stjórnslugagna. Hagstofan tekur forystu í skipulegu samstarfi við aðra framleiðendur. Markvisst samstarf við hagsmunaaðila eykur skilning á þörfum þeirra og leiðir í ljós gagnkvæman ávinning.

Tryggja gæði og réttar aðferðir

Hagstofa Íslands gefur út hagtölur og veitir þjónustu í samræmi við þarfir notenda þar sem gæði eru höfð í fyrirrúmi. Áhersla á gæði er nauðsynleg til þess að viðhalda trausti og til að tryggja forystuhlutverk í hagskýrslugerð. Í samfélagi þar sem er ofgnótt upplýsinga á að vera hægt að treysta því að hjá Hagstofunni séu birtar hlutlægar og traustar upplýsingar.

Tryggja öryggi upplýsinga

Hagstofan tryggir öryggi upplýsinga með stjórnkerfi sem byggist á ISO27001 sem er alþjóðlegur staðall um upplýsingaöryggi. Ytri vottun á stjórnkerfið verður komin fyrirhluta árs 2016. Meðferð trúnaðarupplýsinga er vönduð og örugg.

Nýta nýjar gagnalindir til að bæta gæði og minnka svarbyrði

Hagstofa Íslands leggur áherslu á að draga úr svarbyrði með því að samræma betur og hagnýta eigin gagnasöfn, nýta stjórnvaldsskrár, beita nýjustu tækni við gagnaöflun og með viðeigandi aðferðafræðilegum lausnum.

Bæta miðlun og samskipti

Hagstofan leitast við að ná til breiðs hóps notenda og leggur áherslu á að ná til almennings og fjölmiðla. Stefnt er að því að bæta aðgengi að hagtölum og öðru efni með markvissri notkun á upplýsingatækni. Kynningarfundir og aðrir viðburðir geta verið gagnlegir til að kynna starfsemi Hagstofunnar. Leitast skal við að nýta það form miðlunar og þá tækni sem best á við hverju sinni. Hagstofan mætir þörfum notenda um hagtölur og lagar sig að breyttum þörfum þeirra.

Betra vinnuumhverfi

Mikilvægt er að stuðla að starfsánægju og bættri líðan starfsmanna, þannig verður Hagstofan eftirsóknarverður og fjölskylduvænn vinnustaður. Gott vinnuumhverfi stuðlar að ánægju starfsmanna og aukinni framleiðni. Hagstofan leitast við að styðja starfsmenn til að sækja sér aukna fræðslu með það að markmiði að auka færni þeirra og gefa þeim kost á að þróast í starfi. Bætt upplýsingaflæði og opin skoðanaskipti milli starfsmanna og stjórnenda sitja í fyrirrúmi. Hagstofan stuðlar að því að aðbúnaður á vinnustað uppfylli kröfur, sé aðlaðandi og að starfsmönnum sé gefinn kostur á heilsuefningu.

Efla rannsóknir

Hagstofan leggur áherslu á uppbyggingu rannsóknarstarfs og samstarf við rannsóknasamfélagið. Öflugt rannsóknarstarf styður við hagtölugerð og gerir Hagstofunni kleift að stuðla að upplýstri stefnumótun og umræðu. Þá er uppbygging rannsókna mikilvægur liður í að gera stofnunina að eftirsóknarverðum vinnustað. Gerður er skýr greinarmunur á rannsóknum og hagskýrslugerð í starfsemi stofnunarinnar.

Gæðamál

Áhersla í gæðamálum árið 2016 verður á innleiðingu á notendahópum í samræmi við nýja skilgreiningu notendahópa. Unnið verður áfram með notendahópi greiningaraðila og notendahópi rannsóknarsamfélagsins sem stofnaðir voru á síðasta ári. Að auki er áformað að stofna tvo nýja notendahópa, notendahóp fjölmiðla og notendahóp stjórnvalda. Áætlað er að atvikaskráningakerfi verði innleitt á árinu.

Unnið hefur verið að ýmsum viðfangsefnum tengdum gæðamálum á undanförunum árum og verður því haldið áfram. Dæmi um slík verkefni eru, gerð og uppfærsla á verklagsreglum, fræðsla í gæðamálum, vinna við forgangsöröðun, eftirfylgni umbóta-verkefna og samskipti vegna umbótaverkefna í Evrópska hagskýrslusamstarfinu (VIN).

Verkefni sem á að ljúka árið 2016

- Móta stefnu um samskipti við ytri hagsmunaaðila
- Koma á samstarfsvettvangi með öðrum framleiðendum
- Gera samninga við gagnaveitendur og eigendur stjórnsýsluskráa
- Kynna ríkisstofnunum og sveitafélögum lögbundna tilkynningarskyldu þeirra við breytingar eða gerð nýrra stjórnvaldsskráa
- Endurskoða hlutverk notendahópa
- Innleiða gæðaskýrslur og birta opinberlega
- Koma á fót rannsóknarráði og stuðla að því að starfsfólki sé heimilt að rannsaka gögn Hagstofunnar
- Skjala aðferðir við árstíðarleiddréttingar

- Skjala aðferðir við að hindra rekjanleika
- Stefna um endurskoðun hagtalna
- Koma á fót vottuðu stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- Kanna kosti vefsköfunar við öflun gagna til hagskýrslugerðar
- Móta miðlunar- og samskiptastefnu
- Ná betur til almennings
- Skýra hagtölur betur út í útgáfum og fréttatilkynningum
- Efla tengsl við fjölmiðla
- Kanna notkun samfélagsmiðla við miðlun og samskipti við notendur
- Bæta vinnuumhverfi

Starfsáætlun stjórnýslu og samstarfs

Starfsmenn

Komið verður á formlegu ferli hreyfanleika þar sem starfsfólk getur óskað eftir tilfærslum í starfi. Fyrirkomulagi starfsmannasamtala verður breytt og meiri áhersla lögð á mat á frammistöðu í starfi. Það verður gert með því að hætta með núverandi starfsmannasamtöl og taka upp ný samtöl þar sem umfjöllunarefni eru brotin niður í þrjú samtöl. Í frammistöðusamtölum ræða stjórnendur og starfsmenn á formlegan hátt um frammistöðu í starfi og í starfsþróunarsamtölum fá starfsmenn tækifæri til að ræða um breytingar og þróun á eigin störfum. Sveigjanleiki í framkvæmd verður aukinn með því að veita stjórnendum tækifæri til að taka samtöl við starfsmenn hvenær sem er árs. Unnið verður að innleiðingu á menntaákvæðum gerðardóms og uppfærslu stofnanasamninga á árinu.

Alþjóðamál

Hagstofustjórafundur EFTA-ríkjanna verður haldinn á Íslandi í lok maí og þá mun ESO (EFTA Statistical Office) heimsækja Hagstofuna í beinu framhaldi. Unnið verður áfram að því að ljúka við innleiðingarreglugerð sem inniheldur 177 evrópskar gerðir. Áfram verður unnið að umbótum í utanumhaldi erlendra styrkja og stuðningi við rekstur styrktra verkefna.

Aðferðir

Áhersla verður á fjögur meginatriði árið 2016: Hindrun rekjanleika í hagtölum, árstíðaleiðréttingar, frekari þróun á aðferðum við mat á smáum hópum (*small area estimation*) og sannprófun (*validation*) gagna. Áframhaldandi áhersla á samræmdar aðferðir við hindrun rekjanleika í hagtölum, fyrst og fremst með útgáfu leiðbeininga og kynningu á aðferðum og hugbúnaðarlausnum sem styðja við innleiðingu samræmdra aðferða af þessu tagi. Starfsemi vinnuhóps Hagstofunnar um tímaraðgreiningar heldur áfram þar sem unnið er að stefnu Hagstofunnar að árstíðaleiðréttingum auk sjálfsnáms hópsins í fræðilegum hliðum árstíðaleiðréttinga og tímaraðgreiningar.

Þjónusta við rannsóknarsamfélagið

Á árinu hefst vinna samkvæmt breyttu ferli um aðgang að trúnaðargögnum Hagstofunnar til vísindarannsókna. Tekin verða upp ný viðmið um mat á umsóknum um aðgang að trúnaðargögnum og nýjum viðmiðum um vottun bakhjarla rannsakanda. Stærsta breytingin á ferlinu er hvernig aðgangur er veittur að gögnunum. Samningur við Nýherja um hýsingu á nýju Rannsóknahverfi Hagstofunnar mun leyfa rannsakendum að tengjast umhverfinu með fjartengingum til þess framkvæmda greiningar sínar. Með þessu breytta verklagi eykst öryggi gagna mikið ásamt því sem sveigjanleiki

í afgangi eykst, því hægt verður að hindra rekjanleika í niðurstöðum á sama hátt og hægt er að hindra rekjanleika í örgögnum.

Unnið verður að því að útbúa samnorrænan aðgang rannsækenda að norrænum örgögnum til vísindarannsókna. Þetta verkefni hefur fengið nafnið NordMan og er unnið fyrir styrk frá NordForsk í samvinnu við aðrar hagstofur norðurlandanna. Vinnan felst í því að útbúa ferli til þess að hægt sé að veita rannsækendum aðgang að samnorrænum gögnum í gegnum rannsóknahverfi einnar hagstofu.

Áfram verður unnið að rekstri sérvinnslukerfi Hagstofunnar og halda áfram að fylgjast með að þar gangi allt rétt fyrir sig, tryggja á að öllum sérvinnslubeiðnum sé sinnt og að bregðast við ef eitthvað fer úrskeiðis.

Gerðir hafa verið samstarfssamningar við þrjár deildir Háskóla Íslands um meistara-verkefni nemenda í samvinnu við Hagstofuna. Unnið verður samkvæmt þeim að koma á samvinnu milli sérfræðinga Hagstofunnar og nemenda um verkefni. Þar að auki verður undirritaður samningur um sambærilegt samstarf við eina deild í HÍ til viðbótar.

Á árinu verður lögð áhersla á að kynna fyrir rannsóknasamfélaginu þá þjónustu sem Hagstofan hefur upp á að bjóða, þ.e. sérvinnslur og aðgang að trúnaðargögnum til vísindarannsókna. Það verður gert með því að mæta á fundi, vinnustofur, ráðstefnur og aðra viðburði og kynna þá mikilvægu þjónustu sem Hagstofan getur veitt rannsækendum. Þar að auki verður haldinn notendafundur rannsóknasamfélagsins í ágúst, til viðbótar við fund hópsins í byrjun árs 2016.

Starfsáætlun efnahagssviðs

Meginatriði í starfsemi efnahagssviðs

Á sviði þjóðhagsreikninga verður unnið að endurbótum á gagnagrunnum þjóðhagsreikninga og þróun á vinnsluumhverfi til samræmis auk þess sem haldið verður áfram með einstök endurbótaverkefni sem þegar eru hafin. Úrvinnsla á gögnum um skuldir heimila er hafin og birt verður ný tölfræði á þessu sviði á árinu.

Í utanríkisverslun er áfram unnið að því að breyta vinnslukerfi vöruviðskipta vegna upptöku samræms tollskýrsluskjals fyrir útflutning og innflutning (SAD-skjals) hjá tollayfirvöldum. Einnig er unnið að því að breyta útgáfutíðni þjónustuviðskipta frá ársfjórðungslegri yfir í mánaðarlega útgáfu.

Söfnun á rafrænum gögnum frá matvöruverslunum er komin í vel á veg og þróun vinnsluferla við fyrir notkun þessara gagna fyrir vísitölu neysluverðs er hafin.

Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál

Vinnsluáðferðir við þjóðhagsreikninga og opinber fjármál fylgja alþjóðlegum stöðlum, nánar tiltekið EAS2010 staðlinum sem tekinn var í notkun í september árið 2014. Síðan þá hafa verið gerðar margvíslegar endurbætur á aðferðum og verkefnum og verður þeim haldið áfram á þessu ári. Megináherslan verður lögð á að samræma gagnagrunnumhverfi þjóðhagsreikninga með það að markmiði að auka hagræði og leita samlegðaráhrifa í vinnsluferlum.

Einstökum úrbótaverkefnum verður einnig haldið áfram svo sem endurbótum á uppgjöri mismunandi geira, þ.e. heimila, fyrirtækja og hins opinbera. Þróunarstarfi við fjármálaræikninga verður haldið áfram, bæði vegna flæði- og stöðustærða og flokkum fjármálagerninga. Þróun fjármálaræikninga er unnin í samvinnu við Sedla-banka Íslands. Áfram verður unnið að uppruna- og ráðstöfunar töflum og stefnt er að birtingu á niðurstöðum fyrir 2009 síðar á þessu ári. Þar með fæst betri yfirsýn á samhengi uppruna og ráðstöfunar í hagkerfinu.

Áfram verður unnið að vinnslu ferðaþjónustureikninga en sú vinnsla hefur alfarið verið tekin yfir af Hagstofunni sem hluti af þjóðhagsreikningum. Á síðasta ári var í fyrsta sinn birt heilsteypt uppgjör ferðaþjónustunnar í samræmi við alþjóðlega staðla og verður unnið áfram við að þróa aðferðir og gagnaöflun til að styrkja vinnsluna.

Mat á fjölda starfandi og vinnustundum eftir atvinnugreinum í samræmi við þjóðhagsreikningastaðla er langt komið. Niðurstöður úr því verkefni munu leggja grunninn að mati á framleiðni vinnuafis á Íslandi. Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja reglulega birtingu á þessum tölum á árinu.

Skuldir heimila og fyrirtækja er tölfræðiverkefni sem ákveðið var með lögum nr. 104/2013 út frá gögnum sem safnað er frá fjármálastofnunum. Gögn frá fjármála-fyrirtækjum eru tekin að berast og undirbúningur fyrir birtingu á niðurstöðum er hafinn. Reiknað er með að verkefnið verði komið í reglulega vinnslu um mitt ár og er fyrsta birting áætluð með haustinu.

Unnið er að bættum rafrænum skilum á gögnum frá Fjársýslu ríkisins um ríkisbúskapinn og frá sveitarfélögum í tengslum við upplýsingaveitu sveitarfélaga. Jafnframt er unnið að endurbótum á uppgjöri fyrir hið opinbera og fjármálafyrirtæki í framleiðsluuppgjöri. Gagnasöfnum um frjáls félagasamtök er í undirbúningi og stefnt er að því að hægt verði að aðgreina þennan geira betur í þjóðhagsreikningunum.

Utanríkisverslun

Breyting á vinnsluferfi vöruviðskipta í tengslum við upptöku samræmds tollskýrsluskjals fyrir útflutning og innflutning (SAD-skjal) er í vinnslu. Þessi breyting er umfangsmikil og hefur áhrif á allt vinnsluferli vöruviðskipta frá móttöku til birtingar á niðurstöðum, auk þess sem breytingin kallar á breytt fyrirkomulag gæðaprófunar á gögnum. Unnið er að því að þróa aðferðir til að meta fob verðmæti innflutnings sem ekki verður lengur aðgengilegt í SAD-skjali en er mikilvægt fyrir útreikning þjóðhagsreikninga og greiðslujafnaðar. Jafnframt hefur verið unnið að innleiðingu á nýjum staðli fyrir vöru- og þjónustuviðskipti. Þjónustuhlutanum er lokið en vöruhlutinn er enn í vinnslu.

Áfram er unnið að endurbótum á útreikningi þjónustujafnaðar, sérstaklega m.t.t. notkunar á greiðslukortagögnum. Áformað er að hefja mánaðarlega birtingu á heildar-niðurstöðum tekna og gjalda þjónustuviðskipta í byrjun næsta árs og er nú unnið að undirbúningi þeirrar breytingar. Fyrirsjáanlegt er að auknar upplýsinga í greiðslukortagögnum skili verulegum úrbótum við einkaneysluuppgjör þjóðhagsreikninga.

Hagstofan nýtur styrkja frá Eurostat til að uppfæra töflur um vöruviðskipti og auka við birtingu frá því sem nú er. Jafnframt verður unnið að nánari greiningu á fyrirtækjum og atvinnugreinum í vöru- og þjónustuviðskiptum, endurmati á tryggingaþjónustu og endurbótum við útreikning og miðlun á verðvísitölum fyrir utanríkisviðskipti.

Haldið verður áfram endurbótum á birtingum tímaráða um vöruviðskipti og uppbyggingu gagnagrunns um viðskipti með skip og flugvélur.

Vísitölur

Hefðbundnum verkefnum vísitöludeildar verður haldið áfram með áþekktum hætti og undanfarið ár og unnið áfram að nokkrum þróunarverkefnum.

Með innleiðingu á rafrænni gagnasöfnun frá matvöruverslunum vegna útreiknings á vísitölu neysluverðs aukast gæði vísitölnnar til muna. Hagstofan vinnur nú að uppbyggingu innviða í verkefninu sem snúa að forritun gagnagrunna og aðferðum við útreikning. Fyrirsjáanlegt er að hefðbundin verðsöfnun í matvöruverslunum muni að mestu leggjast af og rafræn skil á gögnum koma í staðinn. Rafrænu gögnin eru umfangsmeiri og ýtarlegri og opna möguleika á að nýta upplýsingar við útreikning með nýjum hætti.

Unnið er að því að taka í notkun flokkunarkerfið ECOICOP fyrir samræmda vísitölu neysluverðs, en kerfið er útvíkkun á núverandi COICOP-flokkunarkerfi. Grunnur samræmdrar vísitölu neysluverðs (HICP) hefur verið uppfærður til ársins 2015 og er ECOICOP-flokkunarkerfið nú notað við útreikning hennar. Jafnframt er nú unnið að ýtarlegri aðferðafræðilýsingu fyrir samræmdu vísitöluna.

Í samráði við forsætisráðuneytið og hagsmunaaðila er í undirbúningi breyting á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar. Markmið lagabreytingarinnar er að auka nákvæmni við mat á kostnaðarbreytingum vegna launabreytinga í byggingarstarfsemi.

Starfsáætlun félagsmálasviðs

Á félagsmálasviði eru unnar hagtölur um lýðfræði, mannfjölda, lífskjör, félagsmál, vinnumarkað, laun, tekjur, menntamál, fjölmiðla og menningarmál. Árið 2016 verður áfram áhersla á innleiðingu stjórnkerfis upplýsingaöryggis í samræmi við stefnu Hagstofuna um öryggisvottun. Samhliða verður unnið að bættum gæðum og aukinni skilvirkni til að geta svarað þörfum notenda fyrir framboð á hagtölum.

Áfram verður unnið að þróun og miðlun tölulegra upplýsinga fyrir félagsvísa sem snúa að velferðarmálum á breiðum grundvelli og ná til dæmis til fjármála heimila, félags- og menntamála, heilbrigði, lýðfræði og þátttöku á vinnumarkaði. Unnið verður að útgáfu á kosningaskýrslum um almennar kosningar. Verkefni ársins snúa að gagnasöfnun vegna forsetakosninga. Ennfremur verður áfram unnið að gerð hagtalna um þá þætti félagsverndar sem snúa að lífeyrisþegum og hinum fjölmörgu þáttum velferðarmála auk þess sem varpað verður ljósi á félagslega þjónustu hins opinbera og notendur hennar. Þá verða birtar upplýsinga um ýmsa þætti fjölmiðlunar og menningarmála.

Árið 2016 eru áætluð skil á gögnum til Eurostat vegna Evrópskrar rannsóknar á heilsufari sem gerð var árið 2015. Rannsóknin nær yfir heilsufar, notkun á heilbrigðisþjónustu, áhrifaþætti heilsufars og félags- og lýðfræðilega þætti íbúa 15 ára og eldri sem búa á einkaheimilum. Niðurstöður rannsóknarinnar gera notendum kleift að draga ályktanir um samspil þessara þátta og bera saman við önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu. Stefnt er að birtingu fyrstu niðurstaðna á árinu. Hagtölugerð um almenn heilbrigðismál verður með hefðbundnum hætti.

Árlega er gerð lífskjararannsókn (SILC) á grundvelli EES-samningsins. Ár hvert er skoðað nýtt viðfangsefni með aukarannsókn til að bæta þekkingu á afmörkuðu sviði lífskjara. Árið 2016 verður sjónum beint að formlegu námi, þjálfun og símenntun. Einnig verður sérstaklega horft á heilbrigðisþjónustu, heimaþjónustu og umönnun barna. Birtar verða niðurstöður aukarannsóknar ársins 2015 um félagslega og menningarlega virkni.

Stefnt er að frekari greiningu á menntunarstöðu landsmanna út frá fjölbreyttum bakgrunnsbreytum í manntali ársins 2011. Samhliða verður haldið áfram með endur-skipulagningu vinnsluferla við lýðfræði- og mannfjöldatölfræði. Unnið er að umbótum á menntagögnum til að geta mætt þörfum fyrir frekari upplýsingar um menntunarstöðu í félagsmálatölfræði. Áfram verður unnið að tímanlegum gagnaskilum í samræmi við lagalegar skuldbindingar á sviði menntatölfræði.

Haldið verður áfram að þróa tölur um vinnuafli, fjölda starfandi, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og vinnustundir auk þess sem áfram er stefnt að fjölbreyttari greiningu talnaefnis. Árlega er kannað nýtt viðfangsefni með aukarannsókn til að auka þekkingu á afmörkuðu sviði vinnumarkaðarins og árið 2016 verður staða ungs fólks á vinnumarkaði skoðuð sérstaklega.

Í launarannsókn Hagstofunnar er unnið að endurhönnun á innlestri launagagna og ferlum þeim tengdum með það fyrir augum að ná fram meiri sjálfvirkni. Þá hefur verið unnið að samhæfingu á skilgreiningum starfa milli ólíkra geira vinnumarkaðarins. Stefnt er að nýrri útgáfu meðallauna með auknu niðurbroti eftir störfum. Að vanda verða unnar ýmsar sérvinnslur fyrir aðila vinnumarkaðar á grundvelli samstarfs-samninga um kjararannsóknir.

Áætlað er að hefja tíðari birtingu á niðurbroti launavísitölu á árinu og unnið að endurskoðun á aðferðafræði. Einnig er unnið að þróun mælinga á vinnustundum skipt eftir atvinnugrein í samstarfi við þjóðhagsreikninga sem skila á aukinni þekju, meiri áreiðanleika og samræmi milli niðurstaðna vísitölu launakostnaðar og þjóðhagsreikninga. Stefnt er að útgáfu á vísitölu launakostnaðar á árinu en sú afurð byggir á alþjóðlegum stöðlum og er hluti af samstarfi við Eurostat.

Gögnum vegna Structure of Earnings Survey með viðmiðunarárið 2014 verður skilað í lok júní til Eurostat. Um er að ræða viðamikla rannsókn á samsetningu launa einstaklinga. Í kjölfarið verður birtur alþjóðlegur samanburður á launum, í lok árs eða byrjun þess næsta. Árið 2015 voru fyrstu niðurstöðu tekjutölfræði úr skattfram-tölum birtar eftir endurskoðun. Haldið verður áfram með þróunarvinnu og stefnt að auknu framboði bæði hvað varðar tímaleika og aukið niðurbrot árið 2016.

Starfsáætlun fyrirtækjasviðs

Hagtölur um fyrirtæki

Á árinu 2015 voru lykiltölur um fjölda fyrirtækja og helstu rekstrarupplýsingar atvinnugreina (e. *Structural Business Statistics*; SBS), birtar í fyrsta skipti. Þessi tölfræði er unnin í samræmi við Evrópureglugerð 295/2008 og er því samanburðarhæf við önnur Evrópulönd. Birting fyrstu gagna náði til áráanna 2012–2014 og var þeim gögnum jafnframt skilað til hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Á árinu 2016 verður unnið að því að lengja tímaraðir og uppfylla fleiri viðauka reglugerðarinnar, s.s. tölfræði um lýðfræði fyrirtækja. Á árinu 2016 verður jafnframt unnið að því að birta heildstæðar tölur yfir rekstrar- og efnahagsyfirlit atvinnugreina og svara frekari eftirspurn samfélagsins um tölfræði atvinnugreina.

Áfram verður unnið að uppbyggingu fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar. Á árinu 2016 er stefnt að því að innleiða upplýsingar um starfsstöðvar fyrirtækja þannig unnt sé að greina betur vinnuafli atvinnugreina eftir landssvæðum.

Fyrstu skammtímahagvísunum atvinnugreina (e. *Short Term Statistics*; STS) var skilað til Eurostat á síðasta ári. Skilað var gögnum yfir þróun fjölda starfsmanna eftir atvinnugreinum í samræmi við Evrópureglugerð 1165/98. Á árinu 2016 verður unnið að ítarlegri birtingu tölfræði yfir launþega eftir atvinnugreinum, bæði fjölda og vísitölum.

Áfram verður unnið birtingu ítarlegri gagna um veltu atvinnugreina byggt á virðisauka-skattskilum fyrirtækja til RSK. Samhliða því verður á árinu 2016 unnið að framleiðslu mánaðarlegrar veltuvísitölu fyrir tiltekna atvinnugreinar byggt á kröfum samkvæmt Evrópureglugerð 1165/98.

Rannsókn meðal iðnfyrirtækja verður gerð á árinu þar sem safnað verður upplýsingum um seldar framleiðsluvörur iðnfyrirtækja. Niðurstöður þeirrar rannsóknar verða birtar innanlands um mitt ár 2016 og afhentar Eurostat í samræmi við reglugerð 3924/91.

Önnur tölfræði um fyrirtæki byggð á stjórnsluskram, s.s. um fjölda skráðra fyrirtækja, framkvæmdastjóra og stjórnarmenn, nýskráningar og gjaldþrot verður með hefðbundnum hætti á árinu 2016.

Rannsókn á nýsköpunarvirkni og rannsókn- og þróunarstarfi

Fyrstu niðurstöður rannsóknar um nýsköpunarvirkni fyrirtækja verða birtar á vormánuðum 2016. Þetta verður í fyrsta skipti sem Hagstofa Íslands birtir gögn um nýsköpunarvirkni fyrirtækja en gögnum var safnað frá fyrirtækjum í lok árs 2015.

Á árinu 2016 verður safnað upplýsingum um rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækja og stofnana á árinu 2015. Þetta er í annað skipti sem þessi rannsókn er gerð af

Hagstofu Íslands, en rannsóknin á að fara fram annað hvert ár. Við gerð og úrvinnslu framangreindra rannsókna er fylgt alþjóðlegum stöðlum og aðferðafræði frá OECD og Eurostat.

Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði

Tölfræði um afla, aflaverðmæti og ráðstöfun afla verður með hefðbundnum hætti á árinu 2016. Á haustmánuðum verður gögnum um rekstur og afkomu veiða og vinnslu safnað frá stærstu fyrirtækjum í útgerð og fiskvinnslu. Stefnt er að því að birta gögn um afkomu sjávarútvegsins í samvinnu við efnahagssvið fyrir árslok.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að byggja upp landbúnaðartölfræði þannig að bæði innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar verði uppfylltar. Áfram verður unnið að því, en nær allar alþjóðlegar skuldbindingar eru þegar uppfylltar. Áhugi er hjá innlendum hagsmunaaðilum á að fá frekari upplýsingar um rekstur landbúnaðar og verður unnið að því að koma slíkri framleiðslu á.

Tölfræði um ferðapjónustu

Á árinu 2016 verður áfram birtar mánaðarlegar tölur um gestakomur, gistinætur og nýtingu herbergja á hótelum. Jafnframt verður unnið að birtingu mánaðarlegra skammtímatalna um heildarfjölda gistinátta samræmi við kröfur samkvæmt Evrópu-reglugerð 692/2011. Einnig verður unnið að endurskoðun á gistináttatölfræði með það að markmiði að samræma tölfræðina betur atvinnugreinaflokkun (ÍSAT2008) og tengja við rekstrar og afkomutölur gististaða.

Umhverfistölfræði

Á árinu 2015 var unnin tölfræði um vatn með styrk frá Eurostat. Unnin var að tölfræði um vatnsauðlindina, vatnsnotkun og um fráveitur. Tölfræði um vatnsauðlindina var unnin af Veðurstofu Íslands, en aðrir verkþættir af Hagstofu Íslands. Samhliða hefur verið unnið að uppbyggingu á annarri umhverfistölfræði, s.s. tölfræði um úrgang, veðurfar og losun efna í andrúmsloftið.

Starfsáætlun rekstrarsviðs

Meginatriði í starfsemi rekstrarsviðs

Rekstrarsvið er það svið innan Hagstofunnar sem gengur þvert á aðra starfsemi. Deildir sviðsins eru þrjár, fjármál og rekstur, upplýsingatækni og miðlun (UTM) og gagnasöfnun.

Fjármál og rekstur

Fjármáladeild Hagstofu Íslands samanstendur af rekstrarstjóra og bókara. Helstu verkefni deildarinnar er að færa bókhald stofnunarinnar, gera og framfylgja áætlunum, gera skil á uppgjörum til Fjárslu ríkisins og ráðuneytis, sjá um fjárhagshlið styrkja Eurostat, færa grænt bókhald ásamt því að sjá um allan rekstur á húsnæði og búnaði.

Gagnasöfnun

Deildin gagnasöfnun hefur umsjón með gagnasöfnun og skráningu gagna fyrir hagskýrslusviðin. Dæmi um slík verkefni eru, söfnun gagna í upplýsingaveitu sveitarfélaga, söfnun gagna um gistinætur, söfnun gagna vegna þjónustuviðskipta við útlönd, auk gagnasöfnunar og innsláttar fyrir vísitölur. Fyrirhuguð ný verkefni á árinu eru m.a. gagnasöfnun vegna félagasamtaka og stuðningur við innleiðingu ýmissa smærri gagnasöfnunarverkefna inn í vefskilakerfi Hagstofunnar.

Úrtaksrannsóknir

Gagnasöfnun gerir árlega þrjár úrtaksrannsóknir sem snúa að einstaklingum og heimilum. Þetta eru vinnumarkaðsrannsókn, rannsókn á útgjöldum heimilanna og lífskjararannsókn. Á þessu ári er jafnframt fyrirhuguð vinna vegna rannsóknar á ferðavenjum einstaklinga og einnig gerir deildin nú rannsókn á rannsókn- og þróunarstarfsemi fyrirtækja.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækni vinnur náið með öllum sviðum Hagstofunnar í verkefnum sem snúa að endurskipulagningu og uppbyggingu upplýsingakerfa. Helstu verkefni ársins eru tengd fyrirtækjatölfræði, gagnagrunnsvæðingu þjóðhagsreikninga, notkun gagna úr afgreiðslukerfum verslana vegna vísitölugerðar, móttöku og notkun tollkerfisgagna, kerfisviðbótum í launarannsókn ásamt umbótum í vefskilakerfi og vefþjónustum sem safna gögnum til hagskýrslugerðar. Mikil áhersla er lögð á að koma upp stjórnkerfi upplýsingaöryggis í tengslum við öryggisvottun. Auk þess að styrkja rekstur miðlægra tölvukerfa Hagstofunnar með betri afritun, vöktun og prófun upplýsingakerfa.

Miðlun

Miðlun vinnur náið með öðrum sviðum Hagstofunnar að framsetningu á afurðum Hagstofunnar gagnvart notendum. Helstu verkefni snúa að áframhaldandi bættri framsetningu á nýjum vef í samræmi við ábendingar og mælingar. Í því felast nýjar uppfærslur á talnaefni og á fréttatilkynningarpósti, auk einfaldari og sjálfvirkari skilum á fréttá- og talnaefni sem kemur til birtingar. Miðlun mun jafnframt vinna að miðlunarhluta samskiptastefnu og endurskoðun á rafrænum útgáfum Hagstofunnar.

